

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 46/2008**

**frá 25. apríl 2008**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2008 frá 1. febrúar 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um staðhæfingar um næringargildi og hollustu matvæla <sup>(2)</sup>, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 12, 18.1.2007, bls. 3.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2007/61/EB frá 26. september 2007 um breytingu á tilskipun 2001/114/EB varðandi tiltekna mjólk til manndis sem er að hluta til eða algerlega vatnsneydd og rotvarin <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zs (tilskipun ráðsins 2001/114/EB):  
„– **32007 L 0061**: Tilskipun ráðsins 2007/61/EB frá 26. september 2007 (Stjtið. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 27).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzs (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/42/EB):  
„54zzzt. **32006 R 1924**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um staðhæfingar um næringargildi og hollustu matvæla (Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 12, 18.1.2007, bls. 3.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L [182, 10.7.2008, bls. 7](#), og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 27.

54zzzu. **32006 R 1925**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli (Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1924/2006, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 12, 18.1.2007, bls. 3, og 1925/2006 og tilskipunar 2007/61/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Alan Seatter*

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.